

Mál nr. 62/2020

M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur í hringtorgi á gatnamótum Vesturlandsvegur og Þingvallavegur þann 17.2.2020.**Gögn.**

Málskot, móttekið 19.2.2020, ásamt fylgigögnum.
Tölvubréf V, dags. 4.3.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Báðum bifreiðum var ekið suður Vesturlandsveg í átt að hringtorginu. A var ekið á hægri akrein og inn í hringtorgið á hægri akrein, ytri hring. B ekið á vinstri akrein og áfram inn í hringtorgið á vinstri akrein, innri hring. Er B var ekið áleiðis út úr hringtorginu áleiðis áfram til suðurs eftir Vesturlandsvegi rákust saman hægra framhorn B og vinstri hlið A u.þ.b. fyrir miðju, en ökumaður þeirrar bifreiðar hugðist aka út úr hringtorginu austur Þingvallaveg.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á um 20 km hraða á klst. fram hjá akstursleiðinni út úr hringtorginu suður Vesturlandsveg þegar B hafi verið ekið í hlið A. Hann hafi vitað af B sem hafi verið fyrir aftan A áður en hann ók inn í hringtorgið. Hann kvaðst hafa gefið stefnumerki til vinstri aðeins áður en hann ók inn í hringtorgið

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 10-20 km hraða á klst. Er hann hafi verið á leið út úr hringtorginu suður Vesturlandsveg hafi A verið ekið í veg fyrir hann. Hann hafi aðeins náð að hemla áður en áreksturinn varð.

Álit.

Samkvæmt 25. tölul. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sem tóku gildi 1. janúar 2020, er hringtorg skilgreint sem vegamót þar sem hringlaga svæði er í miðjunni með akbraut umhverfis. Þá segir í 2. málslíð 6. mgr. 19. gr. laganna að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Enn fremur segir í 3. málslíð sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu.

Ekki er um það deilt að áreksturinn varð í hringtorgi. Ljóst er af aðstæðum í hringtorginu að áreksturinn varð á fyrstu gatnamótum út úr hringtorginu eftir að bifreiðunum var ekið inn í hringtorgið. Þar sem ökumaður B ætlaði út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eftir að hann ók inn í hringtorgið bar honum að aka á hægri akrein, ytri hring, um hringtorgið, sbr. fyrrgreint ákvæði 2. málsli. 6. mgr., 19. gr. Á þessu varð misbrestur. Þá bar ökumanni A að víkja fyrir umferð úr innri hring er hann ók fram hjá gatnamótunum, sbr. 3. málsli sömu málsgreinar, en á því varð misbrestur.

Með því að ökumaður B valdi ekki rétta akrein um hringtorgið miðað við fyrirhugaða akstursleið og ökumaður A virti ekki forgang B út úr hringtorginu teljast báðir ökumenn eiga sök á árekstrinum. Við þær aðstæður sem hér voru verður ekki séð að annar ökumanna eigi meiri sök en hinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, verður að skipta sök þannig að hvor ökumanna ber helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 2. apríl 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.